

Sþ.

668. Tillaga til þingsályktunar

[299. mál]

um endurskoðun á starfsháttum utanríkisþjónustunnar.

Flm.: Haraldur Henrysson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar endurskoðun á starfsháttum utanríkisþjónustunnar. Verði miðað að því að gera hana hreyfanlegri, einkum með tilliti til menningarlegra og viðskiptalegra hagsmuna. Þá verði og teknar upp viðræður við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna um sameiginlegar aðgerðir á þessu sviði, t. d. með því, að: 1. Sendiráð Norðurlandanna innbyrðis verði lögð niður, en utanríkisráðuneyti hvers lands sjái um þá þjónustu við borgara hinna landanna, sem sendiráð þeirra annast nú. 2. Norðurlöndin hafi sameiginleg sendiráð, þar sem því verður við komið.

Greinargerð.

Núverandi skipan utanríkisþjónustunnar á rætur sínar að rekja langt aftur í tímann, þegar allt aðrar aðstæður ríktu á öllum sviðum en nú. Gjörbreyting hefur orðið á í samskiptum ríkja, sem má fyrst og fremst rekja til greiðari samgangna og aukinnar fjarskiptatækni. Þessi samskipti fara nú fram að miklu leyti beint og milli-liðalaust með gagnkvæmum heimsóknnum ráðamanna og sérfræðinga, sem fjalla um viðkomandi málefni. Þetta hefur leitt af sér breytingu á hlutverki sendiráða, sem eigi að síður eru þó höfuðstofnanir utanríkisþjónustunnar í dag. Verður að draga í efa, að sá tiltölulega mikli kostnaður, sem til þeirra er lagður, skili sér að fullu. Að mati flutningsmanna þurfum við í framtíðinni að leggja sífellt meiri áherzlu á hreyfanlega utanríkisþjónustu, sem beinir starfskröftum sínum jafnan þangað, sem þörfin er mest. Við hljótum að leggja aukna áherzlu á þann þátt utanríkisþjónustunnar, sem lýtur að utanríkisviðskiptum, og einmitt á því sviði eigum við að koma upp hreyfanlegu kerfi, sem sífellt starfar að markaðskönnun og markaðsleit.

Í þáttill. þessari er lagt til, að Íslendingar beiti sér fyrir samstarfi Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Hér er einmitt tækifæri til að sýna norræna samvinnu í verki. Sameiginlegar aðgerðir í þessum málum mundu og tvímælalaust auka samstöðu og samheldni þessara þjóða í utanríkismálum. Ýmsum kann að finnast það nokkuð róttæk tillaga að leggja til, að sendiráð þessara ríkja innbyrðis verði lögð niður, og að það sé ekki í þágu norrænnar samvinnu. Þessi ríki hafa mikið og náið samband sín á milli á öllum sviðum. Þannig hafa ríkisstjórnirnar, yfirvöld og félagasamtök innan landanna með sér tíð og bein samskipti. Með þeim hætti, sem hér er bent á, væri einmitt undirstrikað, hve náið samstarf þjóðanna er, og jafnframt lögð áherzla á, að þær líta á sig sem mjög samstæða heild í samfélagi þjóðanna.